



Til nefndasviðs alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. maí 2015
1504589/001.01 GGG

Efni: Frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, 629. mál. Umsögn.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 30. apríl 2015 var til umfjöllunar frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, 629. mál. Um er að ræða bréf allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 22. apríl 2015, þar sem óskað er umsagnar um frumvarpið.

Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til sviðsstjóra umhverfissviðs til umsagnar.

Frumvarpið gengur þvert á sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga, einn af hornsteinum skipulagsvalds sveitarfélaganna. Skipulagslög nr. 123/2010 og lög um hverfisvernd og menningarminjar nr. 80/2012, kveða á um markmið um vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Þá að teknu tilliti til heildarhagsmuna viðkomandi sveitarfélags.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. útfærslu á markmiðum þess og aukid flækjustig.

Samkvæmt orðanna hljóðan virðist sem gert sé ráð fyrir í frumvarpinu, möguleika á tillögum ráðherra varðandi efni frumvarpsins. Þá mögulega þvert á samþykktir viðkomandi sveitarfélags, þ.e. hlutast til um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélagsins.

Einnig er merkileg skýring í greinargerð með frumvarpinu um íhlutun eftirlitsvaldsins, að hægt verði að rökstyðja nýja ákvörðun, ef ákvörðun sveitarfélags er eftirlitsvaldinu ekki að skapi.

Það virðist hafa gleymst við samningu frumvarpsins að fyrir eru lög í landinu um skipulagsvald sveitarfélaga og ekki er tekið mið af þeirri staðreynd eða gerð tilraun til þess að rökstyðja með skýrum hætti þörf á setningu laganna.


Það leikur vafi á því að tekið hafi verið tillit til handbókar um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, útgefin af þremur ráðuneytum árið 2007, við undirbúning frumvarpsins. Skortir mjög á rökstuðning fyrir markmiði laganna.

Sérkennilegt er að ríkisstjórn skuli leggja áherslu á einföldun regluverks sbr. stefnuyfirlýsingu þar um og leggja á sama tíma fram frumvarp með þessum hætti.

Að öðru leyti er tekið heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið, en umsögn sambandsins er ítarlegt, gaumgæft og vel unnið plagg.

Bæjarráð staðfesti umsögn þessa á fundi 21. maí 2015.

Virðingarfyllt,


Steingrímur Hauksson
sviðsstjóri umhverfissviðs